

## **2. Fundur hjá stýrihóp um Heilsueflandi samfélagið Hrunamannahreppur.**

**Fundur haldinn í Huppusal þriðjudaginn 27.mars 2019 kl 17.**

**Mættir: Gunnar Gunnarsson ,Nói Mar Jónsson, Heimir Sigurðsson,Sigfríð Lárusdóttir, Halldór Guðnason, Guðríður Eva Þórarinsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir sem skrifaði fundargerð.**

Farið var yfir lista yfir hagsmunaaðila og tengilið við þau.

Farið yfir punta frá fundi tengiliða heilsueflandi samfélaga á landinu sem Gunnar fór á.

Margir og góðir punktar .

Halldór kynnti hugmyndir af göngu/hlaupastíg sem fyrirhugað er að koma upp á skógræktarsvæðinu á Seli. Heilsubraut.

Sigfríð kynnti hugmynd að setja upp heilsustiga á Flúðum. Sem nýta mætt til heilsueflingar úti.

Rædd hugmynd um að koma upp skiltum með hugmyndum að æfingum og teygjum.

Samþykkt að skoða þessar hugmyndir betur.

Farið yfir niðurstöður könnunar varðandi Lýðheilsuvísar fyrir minni þéttbýlisstaði og dreifbýli á mið-/ og vesturhluta Suðurlands. Þar eru jákvæðir og neikvæðir punktar og nauðsynlegt að hafa þá til hliðsjónar og vinna út frá þeim til að bæta það sem þarf að bæta.

Rætt um dagsetningu fyrir undirskrift á samningi við Landlæknisembættið. Undirskrift er fyrirhuguð 23. Maí nk. Á eftir að fá staðfestingu hjá landlækni hvort sú dagsetning gangi upp.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:00